

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 12. desember 2018 klukkan 16:15-17:00**

Mættir: Gróa Axelsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Kristín Þóra Möller og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Diljá Sól Sigfúsdóttir fulltrúi nemenda. Elísabet Kjartansdóttir og Silja Konráðsdóttir fulltrúar kennara boðuðu forföll. Þórhildur Erna Arnardóttir fulltrúar nemanda boðaði einnig forföll.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál. Skóladagatal 2019-2020**

Gróa Axelsdóttir fór yfir hvernig skóladagatalið sem samþykkt var á starfsmannafundi er sett upp. Helstu daga og breytingar miðað við núverandi skólaár. M.a. Foreldraviðtöl færð aftur um viku til þess að það sé meiri tími til að leggja fyrir lesfimiþróf. Haust vetrarfrí mánudag og þriðjudag og lengra jólafrí. Lára benti á að dagur heyrnarkertra er í febrúar og hvort við gætum ekki haft hann inni. Gróa ætlar að fara í það. Skóladagatalið var samþykkt af öllum fundarmönnum.

### **2.mál. Önnur mál**

- a) Spurt um Stapaskóla. Það er búið að auglýsa. 6 sóttu um og 4 fara í viðtöl á næstu dögum. 1. – 5. bekkur verður áfram í bráðabirgðar húsnæði á næsta skólaári. Svo á ný skólabygging að vera klár fyrir skólaárið 2020 – 2021.
- b) Gróa sagði frá því að starfsmannasamtöl eru hafin og að í síðustu viku hafi verið haldið námskeið í Hugarfrelsi fyrir starfsfólk sem starfsmenn voru mjög ánægðir með. Starfsfólk er byrjað að nota öndunaræfingar með nemendum. Uppeldi til ábyrgðar gengur vel en það hefur verið hægt um undanfarið. En við erum að fara af stað í meiri vinnu.
- c) Diljá spurði hvort það hefði einhver tímunn þurft að loka 10. bekkjar stofunum varanlega. Það hefur ekki verið gert en við höfum lokað tímabundið. Fundurinn vonar að þetta muni ganga vel.
- d) Rætt um síma. Það var harðara en er slakara núna. Meirihluti nemenda hefur verið að standa sig.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.50.

Fundargerð þessa ritaði  
Þormóður Logi Björnsson  
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla